



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

HEILLAÓSKIR TIL NÝKJÖRINS FORSETA EISTLANDS

Forseti Íslands sendi í dag, fimmtudaginn 13. október 2016, heillaóskir sínar og íslensku þjóðarinnar til nýkjörins forseta Eistlands, frú Kersti Kaljulaid, sem er fyrsta konan sem gegnir því embætti.

Forseti gat þess í kveðju sinni að gott samband og samstarf hefði lengi verið á milli Íslands og Eistlands og hefði hann, svo dæmi sé tekið, átt fund með utanríkisráðherra landsins sem staddur var á Íslandi nýlega.

Forseti lýsti þeirri von sinni að hann gæti átt þátt í að styrkja hin góðu tengsl landanna enn frekar í framtíðinni.

13. október 2016

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).